

Vindmyllur þyrla upp moldviðri

– Kallað er eftir frekara samtali áður en framkvæmdir hefjast

Nú stefnir allt í að fyrsta vindorkuver Íslands rísi á næstu tveimur árum. Landsvirkjun segir undirbúninginn, sem hefur staðið í rúman áratug, vera vandaðan og leikreglum hafi verið fylgt. Nokkur gagnrýni hefur verið á að ráðist sé í framkvæmdir áður en búið er að semja heildarstefnumótun fyrir vindorku. Sveitarfélög eru ósátt við að fá lágar tekjur og eru enn önnur ósátt við að hafa ekkert um málið að segja, þrátt fyrir að verða fyrir áhrifum. Náttúruverndarsinnar benda á að sjónræn áhrif af vindmyllunum nái inn á hálandið, sem stjórnvöld og almenningur vilji vernda.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á dögunum samþykkti Orkustofnun umsókn Landsvirkjunar um virkjanaleyfi fyrir vindorkuver sem nefnt hefur verið Búrfellslundur, sem á að rísa skammt frá Sultartangalóni í Rangárþingi ytra. Landsvirkjun talar um að vindorka sé góð viðbót

við vatnsafls- og jarðvarmastöðvar. Sveitarfélög hafa verið gagnrýnin á vindorkuver þar sem þau njóta sáralítils ávinnings og áhrifin af vindmyllum leita langt út fyrir sveitarfélagamörk. Landvernd kallar eftir að stefnumótun verði lokið áður en farið verði í framkvæmdir og bendir á að heppilegra væri að efla dreifikerfið til að laga títtnefndan orkuskort.

Ef áform ná fram að ganga verður uppsett afl Búrfellslundar

120 megavött sem kemur frá allt að 30 vindmyllum á 17 ferkílómetra svæði. Spaðar þessara vindmylla munu ná 150 metra hæð í hæstu stöðu, en vindmyllurnar tvær sem Landsvirkjun reisti norðan við Búrfell í tilraunaskyni árið 2013 ná 77 metra hæð og er uppsett afl þeirra 1,8 megavött. Til samanburðar er uppsett afl Blöndustöðvar 165 megavött.

Unnur María Þorvaldsdóttir, forstöðumaður þróunar vindorku



Unnur María Þorvaldsdóttir hjá Landsvirkjun.

hjá Landsvirkjun, segir að núna sé unnið að umsókn um framkvæmdaleyfi í Rangárþingi ytra. Þegar það verður komið í höfn verði fátt því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir. Nú sé útboð í gangi um kaup á vindmyllum og reiknar Unnur með niðurstöðum úr því fyrir lok október. Mannvirkjagerð eigi að hefjast næsta sumar, uppsetning á vindmyllum árið 2026 og á rekstur orkuversins að hefjast síðar það ár.


”Ef við horfum á eðli vinds þá blæs meira á veturna og það er einmitt þá sem við viljum spara vatn ...“

Unnur bendir á að Búrfellslundur hafi verið lagður fyrst til umfjöllunar í rammaáætlun árið 2011 og hafi loks verið færður í orkunýtingarflokk í júní 2022, sem hafi verið forsenda þess að Landsvirkjun gæti haldið áfram með skipulagsmál og sótt um virkjunarleyfi.

Nú hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gefið út að þau muni kæra verkefnið. Unnur segir að eins og í öllu, þá geti kærur alltaf haft áhrif á niðurstöður verkefna. „Það má ekki gleyma því að þetta verkefni hefur verið í undirbúningi í meira en ellefu ár og hefur fylgt öllum lögbundnum ferlum og þeim ramma sem er til staðar.“



Búrfellslundur er áætlaður á stærsta vinnslusvæði Landsvirkjunar þar sem þegar eru sjö vatnsaflsstöðvar í rekstri. Búðarhálsstöð er ein þeirra, en hún er aðeins örfáa kílómetra í burtu.



Jón G. Valgeirsson hjá Rangárþingi ytra.

Vindurinn sparar vatnið

„Við sjáum þennan orkukost vinna mjög vel með vatnsaflinu okkar, af því að ef við horfum á eðli vinds þá blæs meira á veturna og það er einmitt þá sem við viljum spara vatn. Síðan er minni vindur á sumrin og það er þá sem við erum að fá innrennsli í lónin okkar og getum því nýtt báðar þessar auðlindir á sem bestan hátt,“ segir Unnur. Hún bætir við að verkefnið sé ekki síður spennandi þar sem það sé staðsett á stærsta vinnslusvæði Landsvirkjunar, þar sem fyrirtækið er nú þegar með sjö vatnsaflsstöðvar í rekstri og mikið af orkumannvirkjum.

Til stendur að byggja nýtt tengivirki í Rangárþingi ytra samhliða uppbyggingu Búrfellslundar. Fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa verið gagnrýnir á þetta og sagt að ein af ástæðunum fyrir því að vindorkuverinu var valinn þessi staður var nálægð við tengivirki sem þegar sé til staðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í ljósi þess að til standi að byggja nýtt tengivirki gæti vindorkugarðurinn verið hvar sem er. Unnur segir hins vegar að bygging nýs tengivirkis sé fyrst og fremst til að efla raforkuöryggi á svæðinu og að það hafi verið á áætlun hjá Landsneti í nokkurn tíma. Þá sé klárlega betra að hafa tengivirki nálægt orkuverinu.

Í upphaflegri útgáfu verkefnisins hafi verið lagt upp með að reisa 67 vindmyllur, en fallið var frá því við endurhönnun Búrfellslundar, þar sem framkvæmdasvæðið var minnkað og myllunum fækkað niður í 30. Landsvirkjun hafi fengið erlenda sérfræðinga og ráðgjafa og í þeirra nálgun hafi verið lögð áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum og aðlaga vindmyllurnar að fyrirliggjandi orkumannvirkjum og náttúrunni. Sjónrænu áhrifin séu alltaf mest í nágrenni vindorkuvera, en Unnur nefnir í þessu samhengi að þegar ekin er Sprengisandsleið þurfi maður ekki að vera kominn mjög langt áður en vindorkuverið hætti að sjást.

Radar minnki áflug fugla

Hvað fuglalíf varðar bendir Unnur á að Búrfellslundur sé á heppilegum stað og að áætluð áhrif verði ekki veruleg. Landsvirkjun muni hins vegar fylgjast vel með til að geta gripið til ráðstafana ef þarf. Aðspurð hvaða áhrif vindmyllur geti haft á fugla nefnir Unnur meðal annars búsvæðamissi, en hægt sé að bregðast við því á hönnunarstigi og með vel ígrunduðu staðarvali. „Hvað varðar áflug, þá hefur tækninni fleygt fram. Það er hægt að setja upp radar sem nemur flugumferð. Ef þú sérð að það eru fuglar í nágrenninu, þá er hægt að draga úr vinnslu á meðan,“ segir Unnur.

Spaðarnir á vindmyllum eru gerðir úr trefjaplasi sem slitnar við notkun. Unnur segir umræðuna um dreifingu örplasts hafa verið mikla fyrir nokkrum árum og að það hafi verið skoðað vel í löndunum í kringum okkur. Hún nefnir sem dæmi tölur frá Svíþjóð þar sem eru um það bil fimm þúsund vindmyllur í rekstri. Talið sé að þær sleppi frá sér samtals um 650 kílóum af örplasti árlega. Til samanburðar losni um átta þúsund tonn af örplasti

„Það hafa ekki orðið deilur hérna innan sveitar um þetta mál ...“

frá sænskri bílaumferð á ári hverju. „Það verður að horfa á þetta í samhengi og það er svo margt í okkar daglega lífi sem í raun og veru losar miklu meira míkroplast en akkúrat þetta.“ Til viðbótar þessu vill Unnur nefna að Landsvirkjun hafi viðhaldið sínum aflstöðvum mjög vel og fyrirtækið muni gera það líka í þessu tilfelli til að halda plastlosun í lágmarki.

Iðnaðarsvæði á aðalskipulagi

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, segir sveitarfélagið hafa tekið þátt í vinnunni á bak við Búrfellslund frá upphafi. Þegar búið var að samþykka verkefnið inn í rammaáætlun hafi það farið í aðal- og deiliskipulagsferli sem sé á ábyrgð sveitarfélagsins. Í aðalskipulaginu hafi svæðinu verið breytt í iðnaðarsvæði á meðan vinna við deiliskipulagið felist í að staðsetja vindmyllurnar, ákveða staðsetningu slóða og finna pláss fyrir tengivirki.

Nú sé Rangárþing ytra búið að afgreiða málið að miklu leyti frá þeim. Það sem eftir standi sé að taka til umfjöllunar innan stjórnislu sveitarfélagsins framkvæmdaleyfisumsókn frá Landvirkjun þegar hún berst. Þá þurfi jafnframt að stofna lóð í samráði við forsætisráðuneytið þar sem Búrfellslundur er á þjóðlendu.

Sveitarfélög vilja endurskoða skattlagningu

Jón segir sveitarfélög þar sem orkumannvirki eru staðsett bíða eftir nýju frumvarpi frá fjármálaráðherra sem muni hafa í för með sér breytingu á skattlagningu þessara bygginga. Samtök orkusveitarfélaga hafi farið í greiningarvinnu og komu fram með tillögur sem Jón reiknar með að hafðar verði til hlíðsjónar.

Meðal þeirra atriða sem lögð hafa verið til sé að breyta skattlagningu þannig að tekjurnar skili sér ekki eingöngu til sveitarfélaganna þar sem orkumannvirkin eru staðsett, heldur einnig til nágrennasveitarfélaga sem verði fyrir áhrifum.

„Auðvitað hafa svona mannvirki áhrif, en það hefur verið þokkaleg sátt hérna í samfélaginu um staðsetninguna og um þessa uppbyggingu. Það hafa ekki orðið deilur hérna innan sveitar um þetta mál. Það hafa ekki komið upp vandamál gagnvart ferðaþjónustu og öðrum aðilum þar sem vindmyllur eru þekktar úti í hinum stóra heimi. Þetta mun alltaf hafa aðeins áhrif á umhverfið, en þetta er á röskuðu svæði – það er alveg óumdeilt,“ segir Jón.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur mótmælir

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur verið gagnrýnin á fyrirhugaðan vindmyllugarð. Haraldur Þór Jónsson oddviti segir að árið 2015, þegar Búrfellslundur hafi verið tekinn fyrst til umfjöllunar hjá verkefnastjórn rammaáætlunar, hafi hún álitid þetta slæman kost vegna ferðaþjónustu og útivistar.

Landsvirkjun hafi tekið gagnrýnina til sín, minnkað vindorkugarðinn og sent verkefnið aftur á borð áðurnefndrar verkefnastjórnar árið 2020. Haraldur segir að þá hafi Búrfellslundur fengið enn verri niðurstöðu og að verkefnastjórnin hafi lagt til að Búrfellslundur yrði áfram í biðflokki, enda hafi vægi ferðaþjónustunnar tvöfaldast á þeim tíma. Alþingi hafi síðan breytt þeirri niðurstöðu og sett Búrfellslund í



Landsvirkjun hóf tilraunaverkefni með tveimur vindmyllum norðan Búrfells árið 2013. Þær eru 77 metrar í hæstu stöðu, en áætlaðar vindmyllur í Búrfellslundi verða allt að 150 metra háar.

Mynd / Landsvirkjun

nýtingarflokk.

Í hluta af upphaflegu útfærslunum hafi vindmyllugarðurinn átt að vera bæði innan vébanda Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Í núverandi útfærslu sé hann alfarið innan Rangárþings ytra, en þétt við sveitarfélagamörk að annars vegar Ásahreppi og hins vegar Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Þarna liggja þrjú sveitarfélög á beinu áhrifasvæði vindorkugarðsins og aðeins eitt þeirra fær stjórnislylega aðkomu að málinu,“ segir Haraldur.

Takmörkun á gæðum nágrennahreppsins

Af vindmyllunum hlotnist bein áhrif af hljóði og skugga yfir sveitarfélagamörk. Haraldur nefnir sem dæmi að ef stífla sé reist í einu sveitarfélagi og uppistöðulónið leiti yfir í annað sveitarfélag þurfi það að fara í gegnum skipulagsferli, enda hafi vatnið bein áhrif yfir sveitarfélagamörk. „Við viljum meina að skugga-varpið og hljóðmengunin sé takmörkun á landnotkun okkar sveitarfélags.“ Með því að staðsetja vindorkugarðinn svona sé verið að leggja slæmt fordæmi.

„Búrfellslundur er einungis örfáa kílómetra frá þjóðlendunni



Haraldur Þór Jónsson hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

í Þjórsárdal þar sem Bláa lónið er í tugmilljarða uppbyggingu í ferðaþjónustu. Ef sú uppbygging væri búin, væri aldrei verið að tala um að byggja Búrfellslund, ekki frekar en menn ætli að byggja vindorkugarð nokkra kílómetra frá Gullfossi, Geysi, Seljalandsfossi eða Stuðlagili. Við verðum að horfa á stóru myndina. Það eru fjölmargir staðir á Íslandi sem henta mjög vel til að byggja upp vindorku án þess að fórna öðrum efnahagslegum gæðum sem eru verðmætari.“ Hann bendir á að í áliti Skipulagsstofnunar og í umhverfismatinu sem

„Það er komið að skuldadögum í þessum málum. Við munum ekki setta okkur við óbreytt ástand ...“

liggi til grundvallar Búrfellslundi hafi komið skýrt fram að ástæða þessa staðarvals væri nálægð við tengivirki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Nú er staðan sú að það er búið að hanna nýtt tengivirki tvo, þrjú kílómetra frá tengivirkinu í Sultartanga. Þar af leiðandi þarf ekki að tala við neinn nema Rangárþing ytra. Af því það þarf að byggja nýtt tengivirki þá gæti Búrfellslundur verið hvar sem er nálægt meginflutningsneti Landsnets.“

Ávinningur nær-samfélagsins enginn

„Það er búið að selja þessa orku,“ segir Haraldur jafnframt og bendir Framhald á næstu opnu.



á að Landsvirkjun hafi gert raforku-
samning við landeldisfyrirtækið
Laxey í Vestmannaeyjum upp
á 22 megavött þar sem ein af
forsendum hafi verið að
Búrfellslundur yrði kominn í
notkun fyrir lok ársins 2026.
„Búrfellslundur skilar engum
störfum, hvorki í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi né Rangárþingi
ytra. Ávinningur nærsamfélagsins
af vindorkugörðum er enginn,“ segir
Haraldur og bendir á að viðhald í
kringum vindmyllur sé það lítið að
það sé ekki atvinnuskapandi.

„Við sem búum á landsbyggðinni
borgum hærra verð fyrir rafmagn
sökum dreifbýlisálags á dreifingu
rafmagns. Þetta er enn eitt orkuverid
sem á að byggja úti á landi þar sem
á að flytja efnahagslegu áhrifin og
ávinninginn inn í þéttbýliskjarnana
á höfuðborgarsvæðinu eða þar sem
er verið að byggja upp atvinnuna,
lífsgæðin og verðmætu störfin.
Við eigum bara að sitja eftir með
undanþágu orkumannvirkja á
tekjustofnum sveitarfélaga og
við fáum ekki störfin. Þetta er
algjörlega galið.

Ég hef sagt það í langan tíma
að þessi sveitarfélög úti á landi
sem eru með orkumannvirki eru
eins og þriðja heims ríki þar
sem aðrar þjóðir koma og taka
auðlindirnar og fara með þær.
Uppsett afl sem framleitt er í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi er
yfir 500 megavött. Það er nóg
fyrir öll heimili og fyrirtæki á
Íslandi ef þú undanskilur þessa
ellefu viðskiptavini sem eru
stórnotendur. Ávinningur okkar af
þessari starfsemi er ekki til staðar.
Það er komið að skuldadögum í



Erlendis eru vindmyllur algeng sjón og ef áform ná fram að ganga munu
þær sjást víða á Íslandi innan örfárra ára. Björg Eva hjá Landvernd skilur
af hverju fólk fyllist ugg þegar fjöldi orkuvera eru á teikniborðinu samtímis.



Björg Eva Erlendsdóttir
hjá Landvernd.

Þessum málum, við munum ekki setta okkur við óbreytt ástand.“

Haraldur segir að staðan væri allt önnur ef samfélögin á áhrifasvæði orkumannvirkjanna myndu njóta ávinningsins. Fólki hafi fækkað úti á landsbyggðinni undanfarna áratugi, fyrir utan smávægilegan viðsnúning undanfarin ár vegna ferðaþjónustunnar. Þessum fólksflótta hefði verið hægt að snúa við ef landsbyggðin hefði notið sanngjarnari hlutdeildar í þeim auðlindum sem séu þar.

Villta vestrið í vindorkuáformum

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir samtökin kalla eftir því að heildarstefnumótun fyrir vindorku á Íslandi verði kláruð áður en farið verði í framkvæmdir. „Það lítur út eins og það sé nokkurn veginn villta vestrið í gangi í vindorkuáformum vegna þess að það er alltaf verið að tala um hærri og hærri möstur, fleiri og fleiri garða með ótrúlega mörgum myllum vítt og breitt um landið.

Ég held að fólk fyllist ugg og verði argara út í hvert einasta vindorkuver út af því að það er allt of mikið í gangi í einu. Það er verið að þyrlla upp rosalegu moldviðri í kringum þetta með því að hleypa umræðunni og undirbúningnum svona langt af stað án stefnumótunar,“ segir Björg Eva. Eitt af því sem Landvernd hafi viljað sé að það yrðu afmörkuð svæði fyrir vindorku áður en henni yrði hleypt af stað.

Þótt vindorkuverið við Vaðöldu ofan Búrfells sé á röskuðu svæði sé ótvírætt að hin sjónrænu áhrif nái langt inn á hálendið. Þó sé ekki verið að ráðast á verulega gróið land eða óraskaðar heiðar og orkuverið sé staðsett á framkvæmdasvæði þar sem innviðir séu til staðar, stutt í línur og vegi, ásamt því sem skammt er í jöfnunarorku.

Orkan fari ekki til loftslagsmála

Mikið sé þrýst á að efla orkuframleiðsluna til að Ísland geti farið í orkuskipti og staðið við sínar skuldbindingar í loftslagsmálum. Björg Eva segir að eitt af því sem Landvernd hafi gagnrýnt mest sé hins vegar að nánast öll ný orka sé seld annað, til dæmis í rafmyntagröft eða til gagnavera sem séu farin að nota meiri orku en heimilin. „Það fer ekki saman hljóð og mynd þar sem menn eru að segja að þeir vilji gera þetta allt saman af umhverfisástæðum. Áfram er staðan sú að áttatíu prósent orkunnar fer til fárra stórnotenda og alls ekki til loftslagsmála.“ Landvernd vilji frekar að dreifikerfið verði lagað þannig að orkan fari ekki til spillis og hægt verði að beina henni þangað sem hana vantar, einkum og sér í lagi út af umhverfisþáttum.

Landvernd hefur jafnframt verið gagnrýnin á áform erlendra einkaaðila um að reisa vindorkuver á Íslandi. „Það gefur augaleið að einhverjir fjárfestar úti í heimi eru mun ólíklegri til þess að hugsa um náttúruna á Íslandi, heldur en Íslendingar sjálfir og opinberir aðilar sem hægt er að krefjast að hafi eigendastefnu og komi fram við náttúru landsins af ábyrgð.

„Það er mun erfiðara að gera kröfur á ókunna fjárfesta í skattaskjólum en á fyrirtæki í eigu okkar allra ...“

Við höfum séð þetta fara illa í öðrum löndum. Þegar eigendahópur er þannig samsettur að það næst ekki einu sinni í hann þá er maður ekki í góðum málum og það er mun erfiðara að gera kröfur á ókunna fjárfesta í skattaskjólum en á fyrirtæki í eigu okkar allra. Náttúran er sameign okkar allra, undirstaða lífsins en

ekki leikvöllur stórfyrirtækja með óljóst eignarhald og gróðann einan að markmiði,“ segir Björg Eva.

Ganga þurfi frá lausum endum

„Ég heyri að sveitarfélög eru líkleg til að rífast um þetta líka af fjárhagslegum sjónarmiðum. Sveitarfélög sem fá ókostina en ekki peningana verða mjög reið og hafa talað um að kæra, en sveitarfélög sem fá peninga eru ánægðari.“ Reikna megi með meiri deilum um vindinn en vatnið því vindorkuver hafi áhrif út fyrir sveitarfélagamörk og landið sem þær standa á.

„Þetta getur skiljanlega orðið verulegt þrætuepli, bæði á milli sveitarfélaga og ríkisins og á milli ólíkra sveitarfélaga. Þetta sýnir enn betur þörfina á því að


hafa almennilega stefnumótun og ganga frá öllum endum áður en vaðið er af stað í orkuskortum sem er ekki orkuskortur.“ Björg Eva gerir fastlega ráð fyrir að ríkisstjórnin sé komin vel á veg með vinnu að stefnumótun um vindorku og því ætti að vera hægt að bíða með upphaf framkvæmda þangað til að þeirri vinnu verður lokið.

„Það þarf greinilega að undirbúa þetta miklu betur og ríkið þarf að ná sátt við sveitarfélögin en fyrst og fremst almenning. Ríkið þarf líka að sýna það að það sé verið að vinna að hagsmunum Íslendinga í sátt við náttúruna, vegna þess að við erum öll sammála um að hún er það verðmætasta sem við eigum.“

Björg Eva segir að það þurfi að vera á hreinu í stefnumótuninni hvenær víðerni séu víðerni,

en þau séu ekki eingöngu á miðhálandinu. Ef hálendið verði varið megi heldur ekki líta svo á að það megi setja vindmyllur alls staðar annars staðar. „Það er ekki þannig að íslensk náttúra sé þannig uppbyggð að miðhálandið eitt sé dýrmætt og verðmætt og hitt sé allt drasl. Heiðarnar eru í hættu vegna þess að þetta er að teiknast upp úti um allt.“

Aðspurð telur Björg Eva heppilegustu staðina til að byggja upp vindorkugarða vera í námunda við stóriðju og iðnaðarsvæði. „Það væri sjálfsagt minnstur skaðinn af því ef þú ætlar að snúa upp á höndina á mér, en ég myndi fyrst vilja halda því til haga að eins og þessum orkuskortum meinta er lýst, þá er hann að verulegu leyti þvæla og græðgi í að éta alla kökuna í einu án tillits til framtíðarinnar.“



Til allra átta og margt um manninn

● Lífið á Landvegamótum ● Saga úr sveitabúð á Suðurlandi ● Vöruúrvalið er fjölbreytt og ekki er nú töluð vitleysan í miðstöð sveitarinnar ● Palla hefur staðið vaktina í 37 ár ● Vil ekki skulda

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Marmelaði og mjólkurkex í hillum, gos og samlokur í kæli. Mogginn í blaðastandi og olíubrúsar í rekkum. Mæddur ferðalangur kemur í búðina og spyr um blöð í rúðuþurrku og annar biður um pylsu með sinnepi. Í kaffihróknum sitja bændur og spjalla um hross. Þeir spretta úr spori í samtali, þar sem ekki er nú töluð vitleysan. Og út um gluggann sjáum við hvar fram hjá þjóta rútu, flutningatrukkar og fólksbílur. Einn rennir í hlað og út kemur rammvilltur erlendur ferðamaður og spyr til veða sem hér liggja til allra átta. Af hlaðinu á Vegamótum er víðsýnt, Hekla er ekki langt undan, Eyjafjallajökull í austri og Eyjar í suðri.

Söguviðið er söluskálinn á Landvegamótum í Holtum; vinsæll viðkomustaður í Rangárþingi ytra sem stendur við Hringveginn. Hér þjóta bílar í austur og vestur. Hér liggur einnig leiðin í Holt og Landsveit og þaðan svo áfram í Landmanna- laugar og á Fjallabak, í virkjanir við Tungnaá, í Veidivötn og inn á Sprengisand. Fólki á ferð. Það er margt um manninn á svona stað, eins og segir í ljóðinu um Hótel Jörð.

Ótrúlegustu vörur á öllum tímum

„Þetta er sveitabúð og þar gildir að geta sinnt þörfum fólksins sem hingað kemur og getur vanhagað um ótrúlegustu vörur á öllum tímum. Þessu fylgir að vöruúrvalið þarf að vera fjölbreytt; að eiga sem flest til en mátulega mikið af hverju,“ segir Pálína Sigríður Kristinsdóttir kaupmaður. Hér hefur hún staðið vaktina í 37 ár og slær ekki af, þótt orðin sé 84 ára gömul.

„Samskiptin við fólkið sem hingað kemur gefa mér afar mikið,“ segir Palla á Vegamótum eins og hún er oft kölluð. Sjálf segist hún vera Borgfirðingur; þaðan er ættbogi hennar kominn. Hún er samt fyrir löngu orðin rótgróinn Sunnlendingur; flutti með foreldrum sínum úr Reykjavík árið 1951 þá ellefu ára gömul. Rúmlega tvítug tóku þau saman, Pála og Berg-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Mæðgur Pálína Kristín og Sigríður dóttir hennar í búðinni. Hér gildir að geta sinnt þörfum fólksins sem hingað kemur og getur vanhagað um ótrúlegustu hluti á öllum tímum, segir athafnakonan; 84 ára gömul en slær ekki af.



Rangárþing Verslun við Hringveginn sem er áningarstaður margra.

ur Sveinbjörnsson. Þau byggðu sér hús á Lyngási rétt vestan við Hellu og áttu þar sitt heimili.

Sjö barna móðir

„Börnin urðu sjö,“ segir Palla, ekkja Bergs sem lést nú í sumar. Hann var lengi með bíla- og vélaútgæru: þjóðsagnapersóna á Suðurlandi. Heimilishaldið var að mestu á herðum Pöllu. Hún fór þó þegar tók leyfðu, fór

að vinna á þrjónastofu á Hellu.

„Parna var ég að sníða til ull í flikur, í vinnu sem tók á skrokkin. Ég var orðin slæm í herðum og liðamótum, gat ekki meira. Þetta var árið 1987 en þá hafði verslunin hér sem Kaupfélagið Þór á Hellu átti og rak verið til sölu í nokkurn tíma. Svo var það einn daginn að Bergur kom heim og sagðist vera búinn að kaupa Vegamót. Hann sagði verslunarstörfin myndu

henta mér vel og slíkt reyndist alveg rétt. Ég hef gaman af því að umgangast fólk og get sjaldan setið lengi kyrr.“

Þegar í verslunarrekstur kom segir Palla að talsvert hafi hjálpað sér að hafa í bréfaskóla lært grunnatriðin í bókhaldi. Síðan hafi ekki verið annað í stöðunni en svamla í djúpu lauginni og sökkva ekki.

Þumalputtareglan gildir

„Fljótlega eftir að við byrjuðum á Vegamótum kom hingað mágkona mín sem hafði starfað í verslun; leiðbeindi mér með innkaup og kenndi mér að reikna álagningu. Þar varð til sú þumalputtaregla sem ég hef fylgt æ síðan – þrátt fyrir allar sveifur í þjóðfélaginu og hagkerfinu. Ég legg bara viss og ákveðið á vörurnar: mjólkurvörur, brauð og annað og kvika ekki mikið frá því. Þetta hefur gefist vel og

verðið hér er vel samkeppnishæft. Í þessum rekstri hef ég annars aldrei hugsað um gróða eða að verða rík. Leiðarljósið er bara að reksturinn gangi upp og ég vil ekki skulda neitt. Parna bý ég kannski líka að því að hafa staðið að stóru heimili; þar sem hagsýnin gildi og útsjónarsemi.“

Verslunin á Landvegamótum er jafnan opnu klukkan níu á morgnana. „Í gamla daga byrjaði ég daginn oft heima klukkan sjö og fór þá að baka kleinur, skammt sem ég kom svo með hingað í búðina. Þessu er ég hætt núna; mæti ég hingað í eftirmiðdaginn og er fram að lokun klukkan sjö á kvöldin. Sigríður dóttir mín sem býr á Selfossi starfar hér fyrri hluta dagsins og þetta er ágætt fyrirkomulag. Ég gæti þetta ekki öðruvísi en að ég hefði hana Siggú mína með mér,“ segir Palla sem í sumar var með nokkra krakka úr sveitinni í vinnu.

Gaman með ungu fólki

„Mér finnst gaman að vinna með krökkunum sem eru virkilega tilbúnir að læra hvernig gera eigi hlutina. Já, og ég geri ekki stórmál úr því þótt þeim verði á einhver minni háttar mistök. Af slíku má alltaf læra og gera betur næst. Mér finnst líka góð meðmæli að þegar unglingarnir eru lengra komnir í lífinu fæ ég að heyra frá þeim sem þeir starfa hjá að þeir hafi plumað sig vel. Ég hafi greinilega kennt þeim sitthvað í vinnu,“ segir Palla sem kveðst fús vilja halda störfum áfram. Slíkt ráðist þó af heilsunni, fyrst og síðast.

„Mér leiðist ekki lífið; léttindið er mér eðlislægt. Þessi staður er miðstöð sveitarinnar; hér hittist fólk og talar saman. Hestamenn koma líka mikið hingað, stundum er ekki talað um annað en hross hér við kaffiborðið í búðinni. Svo koma líka hingað mikið erlendir ferðamenn; sumir í tómun vandræðum og ráða ekki við aðstæðurnar hér. Ég held að sumir þeirra hafi hreinlega skilið almenna skynsemi þegar þeir lögði af stað til Íslands,“ segir Palla á Vegamótum að síðustu.

20 HÉTTA

Bjóða upp á Mysing á Akureyrarvöku

Kóngurinn boðar komu sína hlíngi

AFMARKANIR & HINDRANIR

30% afsláttur af öllum BÍOTHERM vörum til laugr. 4. september

HAGKAUP

BÍOTHERM

BLUE RETINOL NIGHT SERUM

BLUE PRO-RETINOL CREAM

BLUE PEPTIDE LIFT CREAM

BLUE THERAPY REVITALIZE

30% afsláttur af öllum BÍOTHERM vörum til laugr. 4. september

HAGKAUP

Morgunblaðið, 31.08.2024, síðu 20.
grein stærð: 232.89 sm²
grein hæð: 22.73 sm



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Bygging Búið er að steypa upp viðbygginguna við skólahúsið, sem segja má að sé í hjarta bæjarins, nálægt sundlaug og íþróttahúsi.

Stækka grunn-skólann á Helli

● **Kostnaður verður 1,6 milljarðar kr.**

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Aðstaða fyrir tónlistarnám og verknámskennslu, bókasafn, skólaeldhús, mötuneyti nemenda og aðstaða starfsfólks eru í nýrri byggingu grunnskólans á Helli sem nú er verið að reisa. Þetta er 2.700 fermetra hús sem áformað er að verði tilbúið að ári. Þetta er 2. áfangi í uppbyggingu á skólasvæðinu á Helli. Kominn er í notkun 1. áfangi, byggingu hvar eru 4 til 6 kennslustofur.

Þriðji áfanginn verður svo bygging nýs leikskóla, sem verður þar sem nú er íþróttavöllur bæjarins. Í dag er leikskólinn á Helli, Heklukot, á þremur stöðum í bænum en þarft þykir að koma allri starfseminni undir eitt þak. Ætlað er að 2. áfangi stækkunar grunnskólans verði tilbúinn að ári og hugsanlegt er þá að hluti af starfsemi leikskólans fái þar inni um stundarsakir. Starf hans verði þá í tveimur húsum í stað þriggja nú, með því óhagræði sem slíku augljóslega fylgir.

„Samfélagið hér er í vexti og ungt fjölskyldufólk vill skapa sína framtíð hér. Því fjölgar börnunum í skólanum hér. Fyrir ári voru grunnskólabörn hér um 150, þau eru 178 núna og gætu orðið um 200 eftir ár. Þetta er jákvæð þróun. Í leikskólanum eru nú 85 börn og fer fjölgandi,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, í samtali við Morgunblaðið.

Byggt er á allöngum tíma

Kostnaður við byggingu 2. áfanga grunnskólahússins nú er 1,6 milljarðar króna, þegar frágangur á lóð er talinn með. „Þetta verkefni er vel viðráðanlegt fyrir sveitarfélagið, en við auðveldum okkur þetta með því að taka framkvæmdirnar á allöngum tíma,“ segir sveitarstjórinn.

Nýja grunnskólahúsið sneiðir horn af hlaupabraut íþróttavallarins á Helli og á miðju hans er nýja leikskólanum ætlaður staður. Slíkt kallar á að byggja upp nýja íþróttastöðu sem verður ekki langt frá núverandi stað, samkvæmt þeim áformum sem fyrir liggja.



Morgunblaðið, 02.09.2024, síðu 8.
grein stærð: 143.07 sm²
grein hæð: 6.94 sm

Fyrstu fjárréttir voru um helgina

● Réttir í uppsveitum Árnessýslu um aðra helgi ● Stemning og eftirvænting

Hausti fylgir að nú er sauðfé rekið úr sumarhögum og voru fyrstu réttir í gær; Baldursheims- og Hlíðarréttir í Mývatnssveit. Venjan í sveitum landsins er annars og almennt sú að virkir dagar vikunnar í fyrri hluta september eru teknir í göngur og fjallferðir og svo er réttirnar um helgi.

Réttað er í Hrutatungu- og Miðfjarðarréttum í Húnaþingi vestra

næsta laugardag, 7. september, og daginn eftir verður fé dregið í dilka í Stafnrétt í Svartárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Undirfellsrétt í Vatnsdal er tveggja daga verkefni, réttað er næsta föstudag, 6. september, og svo er tekin önnur rispa næsta dag. Hraunsrétt í Aðaldal í Suður-Pingeyjarsýslu er 15. september.

Jafnan er stemning og eftir-




Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Réttir Féð er rekið í almenning og smalarnir bíða hér á lengdar.

vænting gagnvart réttum í uppsveitum Árnessýslu; sem þar eru mikilvæg mannamót. Þar er réttað í Hrunarétt og Skaftholtsrétt föstudaginn 13. september, og daginn eftir í Tungnarétt í Biskupstungum og Reykjarétt á Skeiðum. Réttað er í Landrétt í Áfangagili, þangað sem fé bænda í Landsveitum og Holtum í Rangárþingi ytra er rekið, fimmtudaginn 19. september.

Á Vesturlandi ber Þverárrétt í Borgarfirði hátt. Það verður réttað mánudaginn 16. september og aftur 22. september. sbs@mbl.is



Morgunblaðið, 05.09.2024, síðu 2.
grein stærð: 241.39 sm²
grein hæð: 9.34 sm

Kæra virkjunarleyfi Búrfellslundar

- Án samráðs við aðliggjandi sveitarfélög og aðför að skipulagsvaldi
- Stríðir gegn boðaðri stefnumörkun
- Málið keyrt áfram, segir oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- Án samráðs við nærsamfélagið

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mb.is

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum í gær að kæra virkjunarleyfið sem Orkustofnun gaf út fyrir Búrfellslund til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Var tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum en einn sat hjá.

Í samþykkt sveitarstjórnarinnar kemur m.a. fram að vindorkuverið Búrfellslundur hafi verið sett í nýtingarflokk rammaáætlunar þvert á ráðgjöf verkefnastjórnar áætlunarinnar. Sveitarstjórnin hafi farið fram á frestun þess að innleiða Búrfells-



Haraldur Þór Jónsson

Segir sveitarstjórnin að þrátt fyrir það komi skýrt fram, bæði í umhverfismati sem unnið var í hönnunarferli vindorkuversins og í álitni Skipulagsstofnunar, að framkvæmdasvæðið sé

lund í skipulag, en Landsvirkjun hafi talið óþarft að sækja um breyttingar á skipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna verkefnisins, þar sem vindmyllurnar yrðu staðsettar í Rangárþingi ytra.

bæði í Rangárþingi ytra og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ljóst sé að Búrfellslundur takmarki landnýtingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vegna nálagðar við sveitarfélagið.

Bent er á að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi mótmælt fyrirhuguðum Búrfellslundi á öllum stigum skipulagsferlisins sem og við veitingu Orkustofnunar á virkjunarleyfi vindorkuversins.

„Sú staðreynd sem uppi er, að sveitarfélög geti sett í skipulag sitt vindorkuver á sveitarfélagamörkum sínum án samráðs við aðliggjandi sveitarfélög er aðför að skipulagsvaldi þeirra og takmarkar landnotkun á því

svæði sem næst eru vindorkuverunum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg og gríðarlega hættulegt fordæmi í komandi uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi,“ segir í samþykktinni.

Bent er á að stjórnvöld hafi boðað stefnumörkun um vindorkuver á landinu þar sem fram komi að ekki eigi að byggja vindorkuver innan miðhálandislínunnar, en staðsetning Búrfellslundar stríði gegn henni.

„Við erum hugsi yfir verklaginu og ferlinu og hvorki framkvæmdaaðilinn né stjórnvöld hafa hlustað á sjónarmið okkar, en málið verði keyrt áfram,“ segir Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um

kærana sem samþykkt var í gær.

„Ef úrskurðarnefndin tekur undir sjónarmið okkar í þessu máli fer Búrfellslundur aftur á byrjunarreit og verður ekki byggður næstu 10 árin. Það er gríðarlega mikilvægt að úrskurðarnefndin fjalli um vinnubrögð stjórnsýslunnar í málinu, því annars munu önnur sveitarfélög standa í sömu sporum og við, þar sem Alþingi tekur ákvörðun um að setja virkjunarkost í nýtingarflokk, gegn vilja íbúanna, hugsanlega á sveitarfélagamörkum og gegn vilja þeirra,“ segir hann og segir að ekki gangi upp að ákvarðanir séu teknar á Alþingi án samráðs við nærsamfélagið.



Stöðvun vindorkuvers yrði afdrifarík

● Mikilvægt að undirbúningur framkvæmda hefjist í vetur

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Ákvörðunin kemur okkur á óvart, eftir það langa ferli sem verkefnið hefur verið í. Undirbúningur hefur staðið yfir í á annan áratug, verkefnið hefur farið í fjölþætt samráðsferli, fyrst rammaáætlun og síðan umhverfismat og skipulagsferli. Engin neikvæð sjónarmið komu frá sveitarfélaginu á neinu af þessum stigum málsins,“ segir Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar í samtali við Morgunblaðið.



Hörður Arnarson

Leitað var viðbragða hans vegna þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps að kæra virkjunarleyfi Orkustofnunar fyrir Búrfellslund til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Lengst af jákvæð samskipti

Hörður segir að Landsvirkjun hafi átt jákvæð samskipti við sveitarfélagið, allt þar til á lokastigum málsins þegar sótt var um virkjunarleyfi.

„Það var ekki fyrr en deilan um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga kom upp, þá stígu þeir fram með þessum hætti,“ segir Hörður og vísar þar til þess að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur krafist þess að sett verði lög um nýja skattalega umgjörð um orkuvinnslu, svo sveitarfélög njóti efnahagslegs ávinnings af núverandi virkjunum og þeim virkjunarframkvæmdum sem fyrirhugaðar séu.

Hann bendir jafnframt á að um þriðjungur tekna hreppsins komi frá Landsvirkjun. Fyrirtækið sé líka stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu eftir því sem næst verði komist. Orkusveitarfélögin séu almennt séð þau fjárhagslega best staðu á landinu sem hafi svo aftur staðið í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Búrfellslundur Forstjóri Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að framkvæmdaleyfi fyrir Búrfellslund verði gefið út á næstu vikum.

Hörður segir að skv. gildandi lögum eigi sveitarfélög þar sem virkjanamannvirki eru að veita samþykki sitt fyrir þeim, en Búrfellslundur verði í Rangárþingi ytra, á virkjunarsvæði Landsvirkjunar, en ekki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hann segir að undirbúningur verkefnisins hafi staðið yfir í á annan áratug. Óheppilegt sé að hagaólar nýti sér ekki umsagnarrétt sinn og til að koma sjónarmiðum sínum að á því langa tímabili. Í öðrum löndum sé reynt að ljúka svona ferli á einu til tveimur árum.

Spurður um áhrif kærunnar á framvindu verkefnisins segir Hörður að þau séu engin, nema til komi beiðni um stöðvun þess. „Það væri mjög afdrifaríkt ef það yrði gert,“ segir hann.

Hörður segir að þess sé beðið að sveitarstjórn Rangárþings ytra gefi út framkvæmdaleyfi sem vænst sé á næstu vikum. Hann segist ekki hafa áhyggjur af niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, enda verkefnið fengið mikla


umfjöllun og sjónarmið Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafi komið fram í aðdraganda þess að virkjunarleyfið var veitt og fengið faglega umfjöllun. Mjög mikilvægt sé að undirbúningur framkvæmda hefjist í vetur, ef ekki muni verkefnið frestast um eitt til tvö ár.

Neikvæð áhrif á samfélagið

„Fari svo mun það hafa mjög neikvæð áhrif á samfélagið á næstu árum. Það er þörf fyrir aukna raforku á almenna markaðinum og ef ekki kemur inn ný raforka á næstu árum, munum við sem samfélag lenda í vandræðum á árunum 2026 til 2027,“ segir Hörður.

Hann segir að undirbyggjandi sé að Skeiða- og Gnúpverjahreppur telji sig eiga rétt á hluta af fasteignagjöldum vindorkuversins, en lögin sem um það gilda séu skýr. Hvort þeim verði breytt sé annað mál.

„Við þurfum öll að vinna samkvæmt gildandi lögum, jafnvel þótt við viljum breyta þeim. Samkvæmt lögum verða fasteignagjöldin greidd í Rangárþingi ytra,“ segir Hörður.



UMRÆÐA

MÍÐVIKUDAGUR 11. SEPTEMBER 2024

Viðskiptablaðið

FJÖLMIDLARÝNI

ÖRN ARNARSON
orn@vb.is



Eru ferðamenn með böggum hildar eftir að hafa barið álverið í Straumsvík augum meðan að fólkinu sem býr ekki í glærukynningum fjölgar stöðugt?

Baráttan við vindmyllurnar


Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur kært útgáfu Orkustofnunar á virkjunarleyfi til Landsvirkjunar um að reisa vindmyllur í svokölluðum Búrfellslundi. Lundurinn er í nýtingarflokki rammaáætlunar en framkvæmdirnar hafa velkst um í kerfinu í um áratug á sama tíma og orkuskortur er orðinn að viðvarandi vandamáli í íslensku efnahagslífi.

Í frétt Morgunblaðsins er rætt við Harald Þór Jónsson, oddvita hreppsins. Haft er eftir honum að ef úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindarmál tekur undir sjónarmið hreppstjórnarinnar muni áform Landsvirkjunar fara aftur á byrjunarreit og fyrirhugaður vindmyllugarður „ekki byggður næstu tíu árin“.

Haraldur Þór hefur verið nokkuð áberandi í fjölmiðlum undanfarna mánuði þar sem hann hefur talað gegn vindmyllugarðinum meðal annars vegna þess að íbúar hreppsins munu ekki njóta neins ávinnings af fyrirhugaðri raforkuframleiðslu en þess í stað grafa undan ferðaþjónustu á svæðinu.

Þetta er vissulega áhugavert sjónarmið í ljósi þess að ekki á að reisa fyrirhugaðan vindmyllugarð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi heldur í Rangárþingi ytra. Á þessari forsendu gætu Hafnfróingar eða þá sveitarstjórnin í Skútustaðahreppi kært útgáfu virkjunarleyfisins til úrskurðarnefndarinnar. Þó svo að sjónarmiðið sé áhugavert þá er staðreynd málsins eigi að síður sú að orkuöflun og orkuöryggi gagnast landsmönnum öllum og eru íbúar í Skeiðar- Gnúpverjahreppi engin undantekning í þeim efnum.

Vafalaust er hægt að rökstyðja það að sjón- og hávaðamengun af vindmyllum kunni að hafa áhrif á ferðaþjónustu í nágrenninu og ekkert athugavert við að slíkum sjónarmiðum sé haldið á lofti af andstæðingum orkuöflunar í Búrfellslundi. Það hefur Haraldur oddviti svo



SKÝRINGARMYND 6: SKILVIRKT SAMGÖNGUKERFI

sannarlega gert og fjölmiðlar fjallað ítarlega um það allt saman. Þó kemur aldrei fram að Haraldur hafi töluverðra persónulegra hagsmuna að gæta í þessum efnum. Hann á helmingshlut í einkahlutafélaginu Trix sem leigir út átta litla sumarbústaði til ferðamanna í hreppnum.

Á þessu sögðu er áhugavert að skoða gögn rammaáætlunar um vindorkuverið í Búrfellslundi og um aðra virkjanakosti. Það er umhugsunarvert að fjölmiðlar hafa ekki fjallað um það sem þar stendur í meiri mæli en raun ber vitni.

Ekki verður sagt að dregið sé úr hugsanlegum áhrifum virkunarframkvæmda á upplifun ferðamanna. Þvert á móti er mikið gert úr áhrifum minnstu áminninga um að Ísland sé enn í byggð á upplifun ferðamanna. Þannig kemur fram í rammaáætlun að „ferðamenn á leið um Sprengisand kæmu til með að sjá vindmyllurnar í upphafi eða enda ferðar“ og að mannvirkin geri það að verkum að

ferðamönnum finnist þeir upplifa síður ósnortin víðerni á för sinni um landið.

Þegar farið er inn á vef rammaáætlunar og kort af áhrifasvæðum virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu eru skoðuð kemur í ljós að áhrif hvers einasta virkjunarkosts eru gríðarleg og þekja í flestum tilfellum stóran hluta af landinu. Þannig má til að mynda sjá að ferðamenn gætu ekki notið kyrrðarinnar í Flatøy á Skjálfanda, eyju sem lagðist í eyði 1967, ef af Hrafnabjarga-virkjun verður.

Erfitt er að sjá að orkuver-ið í Svartsengi hefði orðið að veruleika hefði verið stuðst við núverandi viðmið rammaáætlunar. Þau viðmið telja okkur trú um að ferðamenn sem fara um Reykjanesið séu með böggum hildar eftir að hafa barið Reykjanesvirkjun augum eða þá séð Álverið í Straumsvík út um gluggann á rútunni á leið til Reykjavíkur. Núverandi nálgun rammaáætlunarinnar verður svo enn óskiljanlegri þegar haft er í huga að tilvist vinsælasta ferðamannastaðar landsins, Bláa lónsins, er bein afleiðing orkuöflunar Suðurnesjamanna á Reykjanesi.

Það er ekki bara Bláa lónið sem dregur að ferðamenn til landsins. Stuðlagil sem kom í ljós þegar Kárahnjúkavirkjun var reist er vinsælasti ferðamannastaður Austurlands og gera spár ráð fyrir að hálf milljón ferðamanna muni skoða gilið á ári hverju.

Fjölmiðlar fylgjast að jafnaði grannt með gangi mála á fasteignamarkaðnum. Þrátt fyrir vaxtastigið hefur markaðurinn verið eftirspurnardrífinn á höfuðborgarsvæðinu um langt skeið. Ástæðan er fyrst og fremst sú að byggingarverktakar virðast ekki hafa svigrúm til þess að mæta eftirspurninni.

Eins og fram hefur komið í umfjöllun fjölmiðla þá hafa margar ástæður verið tíndar til að varpa ljósi á vandanann. Þéttingarstefna Reykjavíkurborgar hefur verið nefnd í þessu sambengi og að hún leiði af sér lóðaskort. Talsmenn borgarmeirihlutans hafa hins vegar bent á að í raun sé nóg af lóðum í borginni og að einhverjar óljósar og dularfullar



ástæður séu fyrir því að verk-takar byggi ekki íbúðarhús-næði á þeim.

Nú virðast aðrar ástæður skýra skortinn á fasteigna-markaðnum. Ásdís Kristjáns-dóttir, bæjarstjóri Kópavogs, benti á dögnum á, í þættin-um Spursmál sem er sýndur á vefsvæði Morgunblaðsins, að í raun og veru stæði meirihlut-inn í Reykjavík í veg fyrir að nágrannasveitarfélögin brjóti nýtt land undir byggð og mæti þannig skorti á lóðum og hús-næði.

Ásdís segir borgina gera þetta á grundvelli samkomu-lags frá árinu 2015 um vaxta-mörk sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Eins og Ásdís bendir á grundvall-ast samkomulagið á spá um fólksfjölgun sem er algjör-lega brostin en kjarninn í samkomulaginu er uppbygging íbúða innan svokallaðra vaxta-marka höfuðborgarsvæðisins. Með öðrum orðum hverfist öll uppbyggingin um svokall-aða borgarlínu samkvæmt samkomulaginu.

Í þættinum sagði Ásdís bæjar-meirihlutana í Garða-

bæ, Hafnarfirði og Kópavogi gera sér grein fyrir að forsendur samkomulagsins séu brostnar og brjóta þurfi nýtt land undir ný hverfi til að jafnvægi náist á fasteignamarkaði. En borgin stendur gegn þessu og beitir sér fyrir að ekki verði hróflað við núverandi vaxtasamkomulagi.

Til þess að sjá hversu alvar-leg staðan er þarf að halda til haga þeirri staðreynd að vaxta-samkomulagið gerir ráð fyrir að íbúum á höfuðborgarsvæðinu muni fjölga um 70 þúsund fram til ársins 2040. Fjöldgunin er nú þegar orðin tæplega 40 þús-und tæpum tíu árum eftir að samkomulagið tók gildi. Ásdís lýsir vandanum sem íbú- ar Kópavogs standa frammi fyrir vegna takmarkana vaxta-samkomulagsins í aðsendri grein sem birtist í Morgunblað- inu á laugardag. Þar segir:

„Til að mæta vaxandi íbúða- þörf á höfuðborgarsvæðinu þarf Kópavogur að byggja 15 þúsund íbúðir á næstu 15 árum. Innan núverandi vaxtarmarka getur Kópa- vogur einungis byggt 5.000 íbúðir fram til ársins 2040.



Þetta er sorgleg staðreynd, einkum þegar horft er til þess að Kópavogur hefur bæði innviði og burði til að vaxa sem sveitarfélag byggt á sterkum tekjugrunni sveit- arfélagsins.“

Það er undarlegt að fjölmiðlar hafi ekki veitt þessu máli og þeirri stöðu sem er upp kom- in meiri athygli og leitað svara

hjá meirihlutanum í borginni hvers vegna hann standi í vegi fyrir endurskoðun á forsend- um vaxtarsamkomulagsins.

En það er ekki allt í ofan- greindu samkomulagi sem þarf að endurskoða. Í því má meðal annars finna þá stefnumótun að blómlegur landbúnaður sé innan við 50 kílómetra frá höfuðborgar- svæðinu.

2. síða
Launafólk þarf að vera grimmarn
Hér er listi yfir launafólkið sem hefur verið ákvarðað fyrir 2024. Þetta er listi yfir launafólkið sem hefur verið ákvarðað fyrir 2024. Þetta er listi yfir launafólkið sem hefur verið ákvarðað fyrir 2024.

Útskipti áfram að vaxandi
Útskipti áfram að vaxandi
Útskipti áfram að vaxandi

SVARTFJALLALANDS
HOTEL-PAK
187.000

NÝR TOYOTA
LAND CRUISER 250

FORSALA ER HAFIN Á ÖLLUM GERÐUM



TOYOTA FINNISKI ÚTLEIÐINGAR
TOYOTA FINNISKI ÚTLEIÐINGAR

Morgunblaðið, 12.09.2024, síðu 2.
grein stærð: 154.82 sm²
grein hæð: 15.06 sm

Landsvirkjun fær framkvæmdaleyfi

● Vill hefjast handa í þessum mánuði

Ólafur E. Jóhannsson

oej@mbl.is

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti samhljóða á fundi sínum í gær að veita Landsvirkjun leyfi til framkvæmda vegna vindorkuvers við Vaðöldu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsvirkjun.

Um er að ræða leyfi vegna vegagerðar innan framkvæmdasvæðis annars vegar og leyfi til uppsetningar vinnubúða hins vegar. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun er gert ráð fyrir að farið verði í þær framkvæmdir í lok þessa mánaðar, enda að því stefnt að vindorkuverið verði komið í gagnið fyrir lok árs 2026.

Sveitarstjórnin tók framkvæmdaleyfisumsókn Landsvirkjunar fyrir á fundinum og fól skipulags- og umferðarnefnd, ásamt umhverfis-, hálandis- og samgöngunefnd Rangárþings ytra, að vinna áfram að afgreiðslu umsóknarinnar, þ.e. að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfisins með formlegum hætti.

Landsvirkjun áformar að efnistaka vegna framkvæmdanna við Búrfellsund verði í námum innan vébanda Rangárþings ytra, t.d. á Tungnaáreyri, en einnig verði nýtt efni sem fellur til við uppröft á framkvæmdasvæðinu.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Búrfellsundur Rangárþing ytra hefur gefið út framkvæmdaleyfi.

Í tilkynningu Landsvirkjunar segir að útboðsferli meðal vindmylluframleiðenda sé á lokametrunum og gert sé ráð fyrir að í októbermánuði verði ljóst hvaða vindmylluframleiðandi verði fyrir valinu. Búist er við að skrifað verði undir samninga í nóvember, enda liggi öll leyfi fyrir þegar þar verður komið sögu.



Morgunblaðið, 14.09.2024, síðu 8.
grein stærð: 143.02 sm²
grein hæð: 6.93 sm

Virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun

● Landsvirkjun sækir nú um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna

Orkustofnun hefur gefið út virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í Þjórsá og er stefnt að því að virkjunin taki til starfa fyrir árslok 2028. Í kjölfar leyfisins sækir Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi til bæði Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, en mannvirki tengd virkjuninni verða í báðum sveitarfélögum.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsvirkjun. Þar segir að Orku-

stofnun hafi jafnframt gefið út leyfi til stækkunar Sigölduvirkjunar úr 150 MW í 215 MW með því að bæta fjórðu vélinni við. Þar sækir Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi til Ásahrepps og Rangárþings ytra.

„Stækkun Sigölduvirkjunar eykur afl og sveigjanleika í raforkukerfinu. Með aflaukningunni eykst orkuvinnslugeta stöðvarinnar aðeins lítillega, nema til komi meira rennsli með



Morgunblaðið/RAX

Þjórsá Virkjunarsvæði Hvammsvirkjunar sem Landsvirkjun reisir.

aukinni bráðnun jökla eða aukinni úrkomu,“ segir í tilkynningunni og er þá tekið fram að áætlað sé að stækkun verði lokið í lok árs 2027.

Hvammsvirkjun verður 740 GWst, 95 MW að stærð, sem þýðir að hún getur unnið svipaða orku og jarðvarmavirkjunin Þeistareykir á Norðurlandi gerir nú. Í tilkynningunni kemur fram að Orkustofnun hafi áður gefið út virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar í desember 2022. Það hafi hins vegar verið kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nánar er fjallað um málið á mbl.is.